

- 102 10. flokkur. 200 aurar hver gripur:
 11. júní Sauðkindur, geitur, kálfar, loðdýr.
 11. flokkur. 500 aurar hver gripur:
 Nautgripir og hross.

6. gr.

32. grein. Fyrri málsgrein orðist svo:
 Af heildarafla skips greiðist 8 kr. af smálest af slægðum fiski með, haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema sild.

Af hverju máli sildar greiðist 50 aurar.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað. Eigandi skips er ábyrgur fyrir greiðslunni. Nú er afli afhentur eða seldur án þess að gjald þetta hafi verið greitt og hvílir þá greiðsluskylda einnig á þeim aðila, er þá hefur umráð yfir aflanum.

7. gr.

33. grein breytist þannig:

Í stað „5 kr.“ komi: 10 kr., — og í stað „10 kr.“ komi: 20 kr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og gilda til 1. júní 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1951.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

- 103 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Guðfinnu
 11. júní Þorlákssdóttur Schram“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð-
 herra 11. júní 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Guðrúnar Guðfinnu Þorlákssdóttur Schram.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Guðrúnar Guðfinnu Þorlákssdóttur Schram.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á 75 ára afmælisdegi hennar, 25. janúar 1951, af eftirlifandi manni hennar, Gísla Björnssyni, trésmíðameistara, Hverfisgötu 86 í Reykjavík. Stofnféð er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

3. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í næstu 25 ár, og bætist allir vextir við sjóðinn þann tíma. Gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggist við höfuðstólinn. Eftir 25 ár má veita úr sjóðnum 85 af hundraði árlegra vaxta hans.

4. gr.

Vextirnir gangi til sjúkrahæla, sem reist kunna að verða fyrir dýr. Sjóðurinn er undir vernd Dýraverndunarfélags Íslands og úthlutar stjórn félagsins styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. gr. Sjóðurinn ávaxtist í Söfnunarsjóði Íslands, A-deild.

103

11. júní

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. janúar 1951.

Gísli Björnsson.

Samþykki skipulagsskrána f. h. Dýraverndunarfélags Íslands.

Sigurður E. Hlíðar,

p. t. formaður.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Columbiasjóð“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 11. júní 1951.

104

11. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Columbiasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Columbiasjóður, og er hann stofnaður með gjöf Steingríms Arasonar kennara árið 1939, kr. 12521.99, en aukinn síðar með gjöfum stofnanda, og er sjóðurinn í árslok 1950 kr. 91050.60.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð hafa stjórn hans með höndum. Það skal sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun, og skal höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei skerða, og skal hvert ár leggja við hann fjórða hluta vaxta. Hinum $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna skal varið sem hér segir:

1. Til þess að styrkja til utanfarar uppeldisleiðtoga, einkum æfingakennara kennaraskólans, kennara uppeldisdeildar háskólans og aðra þá, sem eru vegna áhuga og hæfileika líklegastir til þrifa í uppeldismálum. Styrkurinn skal veittur til náms og kynningar í Bandaríkjunum að öðru jöfnu, einkum við kennaraháskólann í Columbia University í New York. Þessi styrkur skal bundinn því skilyrði, að heim til Íslands sé flutt einhver nýjung, er horfi til bóta í kennslu- og uppeldismálum Íslendinga.
2. Til nemendaskipta í sambandi við utanfarir.
3. Ef sjóðurinn eflist til muna frá því, sem nú er, má veita styrk til námsferða í öðrum greinum en uppeldismálum.

Leggja má saman vaxtatekjur nokkurra ára og veita í einu lagi.